



# Framkvæmda- fréttir 13. tbl. /04



Skrifað var undir verksamning um verkið: „Nesbraut (49), færsla Hringbrautar“ 29. apríl. Frá vinstri: Björn Ingi Sveinsson borgarverkfræðingur, Eiður Haraldsson frá Háfelli ehf., Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri, Pétur Guðmundsson frá Eykt ehf.

## Auglýsingar útboða

### Mölbúður með malardreifara á Norðurlandi eystra 2004 04-045

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í mölbúð með malardreifara á Norðurlandi eystra 2004.

Helstu magnbólur eru:

Lengd ..... 72 km  
Magn ..... 14.800 tonn

Verki skal að fullu lokið 1. október 2004

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsa-vegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 10. maí 2004. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 25. maí 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Vatnsdalsvegur (722) Hvammur - Steinkot 2004 2004 04-009

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í verkið: „Vatnsdalsvegur, Hvammur - Steinkot“. Um er að ræða nýbyggingu á 3,6 km kafla í austanverðum Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu.

Helstu magnbólur eru:

Fyllingar og fláar ..... 35.000 m<sup>3</sup>  
Burðarlög ..... 14.000 m<sup>3</sup>  
Malarslitlag ..... 2.400 m<sup>3</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. október 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarsíðu 8 á Sauðárkróki og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 10. maí 2004. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 25. maí 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 13. tbl. 12. árg. nr. 370 10. maí 2004

Ritstjórn og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
eða [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

# Umferðareftirlit

Febrúar 2004

Skýrsla eftir: Einar M. Magnússon og Harald Sigbórsson

Út er komin skýrsla um umferðareftirlit unnin af af Verkfræðistofunni Línuhönnun að beiðni Vegagerðarinnar og Ríkislögreglustjóra. Markmið skýrslunnar er athugun á virkni aðgerða á sviði umferðareftirlits sem hægt er að beita til að ná niður umferðarhraða.

Verkið fólst í því að skoða, hversu mikil fækkun óhappa og slysa getur orðið miðað við mismunandi útfærslu umferðareftirlits. Þá var metið, hvaða áhrifum á meðalhraða má búast við með eftirlitinu. Skoðað var hefðbundið eftirlit lögreglu sem og sjálfvirkt eftirlit með myndavélum.

Áhrif umferðareftirlits á meðalumferðarhraða og umferðaröryggi eru metin út frá erlendri reynslu. Greint er á milli sjálfvirkis eftirlits með myndavélum og hefðbundins eftirlits.

Fjallað er um norsk skilyrði fyrir uppsetningu eftirlitsmyndavéla. Það eru skilyrði varðandi slysatíðni, -þéttleika og meðalhraða umferðar.

Tekið er dæmi um hugsanlegt eftirlit á Suðurlandsvegi. Farið er yfir fyrirkomulag uppsetningar og kostnaður metinn. Einnig eru metin líkleg áhrif á ökuhraða og öryggi.

Út frá þeim niðurstöðum varð fyrsta árs renta (FÁR) við að lækka meðalhraða um 3 km/klst. með sjálfvirku eftirliti 80%, en 87% við að lækka hraða um 7 km/klst. með viðameira sjálfvirku eftirliti. Þessar aðgerðir eru mjög arðbærar, en sú seinni þó meira.

Hefðbundið eftirlit hefur fyrsta árs rentu 87%, en árlegur reksturskostnaður er eðlilega nokkru hærri en við sjálfvirkt eftirlit. Hagkvæmni eftir fyrsta árið er því heldur lægri, en sveigjanleiki meiri.

Skýrsluna má skoða í heild á heimasíðu Vegagerðarinnar: [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is)

Tenging er af fréttalista á forsiðu en einnig má slá inn slóðina:

[http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Umferdareftirlit2004/\\$file/umferdareftirlit-feb-2004.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Umferdareftirlit2004/$file/umferdareftirlit-feb-2004.pdf)



Nú standa yfir framkvæmdir við breikkun brúar á Hróteyjarkvísl á Hringvegi hjá Bárðardalsvegi eystri. Mynd Hafdís E. Jónsdóttir.



Opið hús í Borgarnesi sjá bls. 7.

## Auglýsingar útboða

### Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Álftanesvegur- Lækjargata 04-041

Vegagerðin og Hafnarfjarðarbær óska eftir tilboðum í breytingar á Reykjanesbraut í Hafnarfirði milli Álftanesvegur og Lækjargötu. Í verkinu felast m.a. endurbætur á gatnamótum Fjarðarhrauns og Flatahrauns, endurnýjun Lækjargötu milli Hringbrautar og Reykjanesbrautar ásamt aðlögun við aðliggjandi götur. Gerð nýrra undirganga undir Lækjargötu og Reykjanesbraut ásamt breytingum á þremur eldri göngum.

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. nóvember 2004.

Helstu magntölur vegahluta eru:


skering í laus jarðlög	73.000 m <sup>3</sup>
ylling og neðra burðalag	68.000 m <sup>3</sup>
efra burðarlag	6.200 m <sup>3</sup>
malbik	66.000 m <sup>2</sup>
kantsteinar	10.100 m
Ofanvatnsræsi	7.400 m.

Helstu magntölur steyptra mannvirkja eru:

mótaflétir	3.600 m <sup>2</sup>
steypustyrktarjárn	120.000 kg
steinsteypa	1.054 m <sup>3</sup> .

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka), frá og með þriðjudeginum 11. maí 2004. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 1. júní 2004, og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



## Auglýsingar útboða

### Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, malbik 04-045

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í verkið: „Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, malbik“.

Helstu magntölur eru:

Endurlögn með upphitun

og viðbótarmalbiki (repave): . . . . . 110.000m<sup>2</sup>

Yfirlögn: . . . . . 57.600 m<sup>2</sup>

Malbik (viðbót í endurlögn innifalin): 11.000 tonn

Verki skal að fullu lokið 1. ágúst 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 10. maí 2004. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Verkinu er skipt í alls fjóra verkhluta og er heimilt að bjóða í hvern hluta fyrir sig.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 25. maí 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Borgarfjarðarbraut (50) um Kleppjárnsreyki, öryggisaðgerðir 04-048

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbætur (öryggisaðgerðir), gerð þriggja miðeyja, á Borgarfjarðarbraut (50) um Kleppjárnsreyki.

Helstu magntölur eru:

Skeringar . . . . . 250 m<sup>3</sup>

Fyllingar og neðra burðarlag . . . . . 500 m<sup>3</sup>

Efra burðarlag . . . . . 60 m<sup>3</sup>

Klæðingar . . . . . 300 m<sup>2</sup>

Kantsteinar . . . . . 61 m

Eyjar með steinlögðu yfirborði . . . . . 40 m<sup>2</sup>

Frágangur fláa og vinnusvæða . . . . . 1.400 m<sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. ágúst 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 10. maí 2004. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 25. maí 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Hörgárbrú.



Hörgárbrú eldri.

### Brú á Hörgá 1901

Í 11. tölublaði þessa árs var birt mynd af núverandi brú á Hörgá á Ólafsfjarðarvegi nr. 82 í tilefni þess að auglýst var útboð nýrrar brúar á þessum stað. Nú hafa borist frekari upplýsingar um þessa brú og aðra eldri á þessum stað. Núverandi brú er 43 metra löng og 3,8 metra breið steipt bitabrá, sem byggð var árið 1953. Brúin sem núverandi brú leysti af hólmi þá, stóð ofan við hana og sjást enn leifar af stöplum hennar. Sú brú var byggð á árunum 1900 og 1901. Hún var 37 metra löng og 2,6 metra breið hengibrú. Að auki var landhaf við norðurbakkann. Brúin kostaði krónur 19.222,54. Til vígslunnar 21. júní 1901 komu 500 manns. Vígsluræðu hélt Klemens Jónsson sýslumaður. Nánari upplýsingar um aðdraganda brúarbyggingarinnar má lesa í bók Hjartar E. Þórarinssonar, „Saga sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu 1874-1989“, síðara bindi, 4. hluta, kafla III, bls. 327 og áfram, sem Héraðsnefnd Eyjafjarðar gaf út á Akureyri árið 1994.



### Leiðrétting

Þessi mynd fylgdi grein um brýr á Breiðamerkursandi í 8. tbl. þessa árs.

Nafn mannsins lengst til vinstri misritaðist. Hann heitir Vigfús Pétursson en ekki Sigfús. Á myndinni eru einnig frá vinstri talið: Haukur Karlsson, Sigríður Ólafsdóttir, Stefán Björnsson og Eiríkur Jónas Gíslason.

Höfundur greinarinnar vill einnig koma að þeirri leiðréttingu að þar sem stendur „um miðja þessa öld“ neðst í hægri dálki á bls. 2 sé átt við „um miðja síðustu öld“.

Þeir sem geyma blöðin eru beðnir um að færa inn þessar leiðréttingar.



# Úthlutun úr Rannsóknarráði umferðaröryggismála (RANNUM) 2004

Rannsóknarráð umferðaröryggismála (RANNUM) var stofnað þann 20. desember 2000. Hlutverk og markmið RANNUM er að standa fyrir hvers konar rannsóknum sem nýta má til að koma í veg fyrir umferðarslys hér á landi. Einnig að afla nýrrar þekkingar innanlands og utan og leiða saman þá aðila sem vinna á þessu sviði og gera rannsóknir þannig faglegri og markvissari. Í upphafi var gert ráð fyrir að RANNUM verði starfandi í fimm ár og að þeim tíma liðnum verði staða mála endurmetin. Nú er nýhafið fjórða starfsár RANNUM. Á þeim tíma hafa verið veittir styrkir til um 80 verkefna, að upphæð um 76 m.kr.

Eftirtaldir aðilar voru stofnfélagar RANNUM:

Vegagerðin, Rauði kross Íslands, Landspítali-háskólasjúkrahús, Umferðarráð (nú Umferðarstofa), Ríkislögreglustjóri, Skráningarstofan, Rannsóknarnefnd umferðarslysa, Reykjavíkurborg, Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Samband íslenskra tryggingafélaga, Landlæknir, Félag íslenskra bifreiðaeigenda, Tækniskóli Íslands (nú Tækniháskóli Íslands), Ökukennarafélag Íslands, Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins og Háskólinn á Akureyri.

Í stjórn RANNUM sitja fulltrúar frá Vegagerðinni, Rauða krossi Íslands, Landspítala-háskólasjúkrahúsi og Umferðarráði.

Hér á eftir er greint frá þeim rannsóknarverkefnum sem hljóta styrk á þessu ári.

## Öflun og hagnýting alþjóðlegra upplýsinga í umferðaröryggismálum

*Verkefnastjóri: Birna Hreiðarsdóttir*

Verkefnið er tvíþætt. Annars vegar er því ætlað að gera yfirlit yfir helstu alþjóðlegu/erlendu stofnanir sem vinna að umferðaröryggismálum og gera úttekt á því hvernig best megi nýta upplýsingar (á vefsíðum viðkomandi stofnana og víðar) í þeim tilgangi að efla umferðaröryggismál hér á landi. Verður einkum litið til þess að tengja þessar upplýsingar inn á vefsíður viðkomandi stofnana hér á landi. Hins vegar er verkefninu ætlað að gera yfirlit yfir alþjóðlegar skuldbindingar í umferðaröryggismálum sem íslensk stjórnvöld hafa gert, skoða hvað þessar skuldbindingar fela í sér, framkvæmd þeirra og hvort og þá hvernig nýta megi þær til að efla enn frekar umferðaröryggi, t.d. með tillögum að endurskoðun á löggjöf á grundvelli þeirra. Ennfremur verður athugað hvaða samningar hafa ekki verið fullgildir og tillögur lagðar fram um aðkomu íslenskra stjórnvalda að þeim

samningum. Því er hér um að ræða heildarúttekt á alþjóðasamningum um umferðaröryggismál.

## Umferðarfræðsla í alla grunnskóla - Fræðsla til framtíðar

*Verkefnastjóri: Guðbjartur Hannesson*

Hugmyndin er að nýta þá þekkingu og reynslu sem hefur verið aflað sl. ár með rannsóknarverkefnum tengdum umferðarfræðslu í skólum. Tengja þarf saman þá skóla sem hafa sinnt þessari fræðslu markvisst og gera öðrum skólum kleift að nýta þá reynslu og þekkingu sem hefur verið aflað og myndast á umræddum stöðum. Skipta má verkefninu upp í þrjú hluta:

1. Útbúa heildstætt námskeið fyrir grunnskólakennara tengt umferðarfræðslu á grunnskólastigi. Í þessum hluta yrðu m.a. nýttar rannsóknarniðurstöður verkefna tengdum umferðarfræðslu sem unnar hafa verið með tilstyrk Rannum sl. tvö ár. (Könnun á umferðarfræðslu á Akranesi Ásta Egilsd./Grundaskóli, Umferðarfræðsla sem hluti af lífsleikni Ásta Egilsd./Grundaskóli, Umferðarfræðsla í skólum RHA/Benedikt Sig., Gagn og gaman Valdimar Briem o.fl.)
2. Útbúið sérstakt vefsvæði fyrir kennara og skóla sem ætla að sinna heildstæðri umferðarfræðslu. Á þessu svæði mætti m.a. finna: tengingu við þá skóla sem nú sinna umferðarfræðslu af myndarbrag, upplýsingar um tiltækt námsefni, tengingu við aðalnámskrá grunnskóla, upplýsingar um áhugaverðar vefslóðir fyrir kennslu í umferðarfræðum bæði hér heima og erlendis, kveikjur fyrir kennsluverkefni, fréttir af umferðarmálum, tengingu við stofnanir sem sinna umferðarmálum o.s.frv.
3. Námsfnisgerð tengt umferðarfræðslu fyrir unglingastig. Niðurstöður rannsóknarverkefna eru á einu máli um að námsefni vanti sárlega til kennslu á miðstigi og unglingastigi grunnskóla. Umferðarráð og Námsgagnastofnun hafa staðið sig vel í útgáfu fyrir forskóla og yngsta stig grunnskólans en vegna fjárskorts hefur ekki verið hægt að halda úti jafn öflugri fræðslu fyrir þá sem eldri eru. Staðan í dag er sú að lítið efni er til fyrir miðstig en ekkert fyrir unglingastigið. Fjölmargar hugmyndir hafa komið fram síðustu ár en enginn lagt í þá vinnu ennþá að semja efni sem hentar þessu aldurstigi. Nauðsynlegt er að semja slíkt efni og er hugmyndin að ráðast í slíka námsefnisgerð í samstarfi við ýmsa fagaðila á sviði umferðarmála.

## Fækkun umferðarslysa á Norðurlandi

*Verkefnastjóri: Lögregluskóli ríkisins*

Rannsókn á helstu orsökum umferðarslysa á Norðurlandi, þ.e. orsakavaldi og áhættuþáttum, kostnaði við slysin sl. 10 ár og út frá því að gera markmiðsáætlun næstu 5 árin og sýna fram á með hvaða leiðum hægt verður að ná þeim markmiðum. Einnig verður sýnt fram á hugsanlegan kostnað við að ná þeim markmiðum svo og sparnað sem af fækkun umferðarslysa verður.

## Aukið aðhald = Aukið umferðaröryggi

*Verkefnastjóri: Þórólfur Gunnarsson*

Árið 2001 var verkefnið „Aukið aðhald = Aukið umferðaröryggi“ unnið af ND á Íslandi ehf. Er það byggt á ökuritanum SAGA. Það verkefni átti að spanna tvö ár og árangur aukins aðhalds að vera mældur að loknum þeim tíma. Verkefnið tók hinsvegar nokkrum breytingum í tímans rás með breyttum áherslum fyrirtækjanna sem tóku þátt í verkefninu. Síðari hluti þessa verkefnis hefur hins vegar ekki verið lokið og nú eru þrjú ár liðin. Þar af leiðandi er komin enn sterkari grunnur til að rannsaka til hlítar hve sterkt aukið aðhald hefur á vogarskálur



umferðaröryggis. Á þriðja tug fyrirtækja hafa nú verið að notendur SAGA ökuritans og fer ört fjölgandi. Niðurstöður þeirra sem hafa verið ötulir í notkun ökuritans sem verkfæri til aukningar á aðhaldi verða teknar inn í þetta verkefni.

### Sálfræðilegar afleiðingar dauðaslysa og áhrif á umferðaröryggi

*Verkefnastjóri: Eiríkur Jón Líndal*

Haft verður samband við 40 unga ökumenn sem lent hafa í umferðaslysum þar sem einhver lét lífið og þeim boðið að taka þátt í sálfræðilegri rannsókn. Valinn samanburðarhópur ökumanna sem einnig hafa lent hafa í slysum án þess að neinn hafi slasast alvarlega verður einnig fundinn. Einstaklingar verða prófaðir með tilliti til áfallastreitu, persónuleika- og minnisþátta. Athugað verður hvort slysið hefur haft varanleg sálfræðileg áhrif á einstaklinginn með tilliti til hæfni hans til að fóta sig í lífinu og til að stunda öruggan akstur.

### Áhrif mismunandi hraðaminnkandi aðgerða

*Verkefnastjóri: Haraldur Sigbórsson*

Verkefnið er í tveimur hlutum. Annars vegar er heimildaöflun og hins vegar eru hraðamælingar á nokkrum vel völdum götum í þéttbýli. Heimildasöfnun er ætluð til að draga saman upplýsingar, sem aðrar þjóðir hafa víðað að sér, um áhrif mismunandi hraðaminnkandi aðgerða á hraðamynstur. Sérstaklega verður safnað saman upplýsingum sem lúta að strætisvögnum. Mælingunum er ætlað að gefa mynd af íslenskum aðstæðum og hversu vel þeim ber saman við heimildir. Rituð verður hnitmiðuð skýrsla, sem dregur saman helstu niðurstöður, sem nýst geta við ákvarðanatöku og skipulag í framtíðinni.

### Sjálfvirk mæling á sjónlengd

*Verkefnastjóri: Nicolai Jónasson*

Sótt er um styrk til kaupa á skyggismæli (Visibility Sensor) í þeim tilgangi að setja hann upp við veðurstöðina á Helliðshéið til prufu.

### Aldur ökutækja og slys

*Verkefnastjóri: Kristján V. Rúriksson*

Keyrðar verða saman upplýsingar úr slysaskrá og ökutækjaskrá og kannað hvort samband sé á milli aldurs ökutækja og alvarleika slysa.

### Áhættuþættir umferðarslysa erlendra ferðamanna á Íslandi

*Verkefnastjóri: Ágúst Mogensen*

Í rannsókninni er beint sjónum að umferðarslysum tiltekins hóps vegfarenda; erlendum ökumönnum á bílaleigubifreiðum. Nálsgast er verkefnið á þrjá vegu:

- 1) Umfang slysanna verður metið með því að skoða gagnabanka Umferðarstofu yfir slys erlendra ferðamanna á 3 ára tímabili 2000-2002 og með því að skoða gögn tryggingarfélaganna. Sjónum er beint að orsökum slysanna, notkun öryggisbúnaðar og aðstæðum sem slysin verða við.
- 2) Til viðbótar hyggst rannsóknarnefndin afla gagna frá bílaleigum um reglur, fræðslu til erlendra ökumanna, reynslu af erlendum ökumönnum og ástandi ökutækja.
- 3) Að lokum verður reynt að ræða við 10-15 erlenda ferðamenn sem lentu í umferðaróhappi og fengið þeirra sjónarhorn. Draga á fram þjónustu og fræðsla sem þeir fengu, reynslu af akstri á íslenskum vegum, skilningur á umferðarmerkjunum og umferðarreglunum, ástand bifreiðanna sem þeir óku og almenn reynsla þeirra af akstri á Íslandi.

### Kannanir á bílbeltanotkun ökumanna eftir kyni inni í þéttbýliskjörnum landsins

*Verkefnastjóri: Sigrún A. Þorsteinsdóttir*



*Myndir í opnunni eru úr safni Baldurs Kristensens fyrrverandi vörubílstjóra hjá Vegagerðinni.*

Gerðar verða kannanir á bílbeltanotkun ökumanna eftir kyni inni í þéttbýliskjörnum landsins. Jafnframt verður skoðað sérstaklega bílbeltanotkun atvinnubílstjóra.

### Áhrif vinds á umferðaröryggi. Greining slysa

*Verkefnastjóri: Haraldur Sigbórsson*

Verkefnið felst fyrst og fremst í greiningu gagna úr gagnagrunni Umferðarstofu og frumskýrslum lögreglu, þar sem vindur er skráður sem meðvirkandi þáttur. Áhrif vinds verða metin í hverju tilfalli í ráðandi, mikil, nokkur, lítil, nær engin. Dreifing um landið verður sýnd á korti og skrifuð greinargerð um niðurstöður.

### Hverjir aka um þjóðveginn?

*Verkefnastjóri: Hörður Ríkharðsson*

Rannsakad er hverjir aka um þjóðveginn að jafnaði á ársgrundvelli, allan sólarhringinn. Stöðvaðir eru bílar og lagðar spurningar fyrir ökumenn og farþega. Úrtak klukkustunda sem verið er á veginum við að stoppa bíla hefur verið valið þannig að upplýsingar gefi rétta og glögga mynd af þeim sem á veginum eru, bæði ökumönnum og ökutækjum allan sólarhringinn. Félagsvísindastofnun annaðist töku úrtaksins en gefa þurfti einstökum hlutum sólarhringsins mismikið vægi vegna mismunandi umferðarþunga en samt er um tilviljunarúrtak að ræða.

### Skýndihjálpi í framhaldsskólum

*Verkefnastjóri: Sigurjón Jónsson*

Árið 2003 styrkti Rannsóknarráð umferðaröryggismála könnun á skyndihjálparkennslu í grunnskólum. Þá var unninn spurningalisti í samstarfi við fagaðila á þessu sviði. Námsefni var flokkað og skráð. Einnig voru grunnskólar skráðir og tenglanet myndað. Sérútbúinn spurningalisti var sendur öllum skólustjórnendum ásamt kynningu á verkefninu og mikilvægi þess. Þessa rannsókn þarf einnig að gera í framhaldsskólum. Tryggja þarf sem besta svörun frá skólunum en í sambærilegum könnunum hefur sá þáttur verið ákv. vandamál. Til að ná sem bestri svörun munu umsjónaraðilar setja sig í samband eða heimsækja þá skóla sem ekki svara á tilteknum tíma. Þegar þeirri vinnu er lokið hefst úrvinnsluþáttur verkefnisins. Vinna þarf skýrslu þar sem niðurstöður könnunarinnar eru kynntar ásamt tillögum um úrbætur. Þessar tillögur verða skoðaðar m.a. með hliðsjón af

áfangamarkmiðum við lok grunnskóla og með hliðsjón af skyndihjálparkenndu í framhaldsskólum. Við þessa úrvinnslu og tillögugerð verður leitað eftir samstarfi við fagaðila á sviði skyndihjálpar.

### Skilgreining áhættumælikvarða (FAR og NFAR) fyrir umferðaröryggi á Íslandi

Verkefnastjóri: Gestur Pétursson

Verkefninu er ætlað að skilgreina notkun áhættumælikvarðana FAR (Fatal Accident Rate) og NFAR (Non-Fatal Accident Rate) fyrir vegakerfið á Íslandi. Um er að ræða mælikvarða sem mæla áhættustig út frá viðverutíma við akstur sem gerir það að verkum að samanburðarhæfni á öryggisstigi í umferðinni á milli landa, landsvæða og mismunandi tímabila eykst þrátt fyrir að tækni, akstursmenning og aksturslag breytist. FAR og NFAR verða mældir og reiknaðir út fyrir íslenska vegakerfið ásamt því að þeir verða reiknaðir út fyrir Reykjanesbraut, Vesturlandsveg og Suðurlandsveg.

### Slysatíðni vöru- og hópbifreiða

Verkefnastjóri: Skúli Þórðarson

Gögn yfir umferðarslys vöru- og hópbifreiða á Íslandi verða fengin úr slysaskrá Umferðarstofu og rannsókuð til þess að mynda yfirlit yfir slysatíðni þessara ökutækja. Slysatíðnin verður reiknuð árlega og sérstaklega fyrir ólíka ökutækjaflokka. Meiðslatíðni ökumanna vöru- og hópbifreiða auk meiðslatíðni í bifreiðum sem hafa lent í árekstri við vöru- eða hópbifreið verður jafnframt tekin saman.

### Tegund drifbúnaðar og slysatíðni

Verkefnastjóri: Einar Einarsson

Keyrðar vera saman upplýsingar úr slysaskrá og ökutækjaskrá og kannað hvort drifrás ökutækja hafi áhrif á slysatíðni, sérstaklega í frosti og snjó og á malarvegum. Ökutækjunum verður skipt niður í framhjóla-, afturhjóla- og fjórhjóladrif en jepum er að auki skipt niður í flokk eftir því hvort þeir hafi sídrif eða ekki. Einnig verður reynt að kanna hvort breytingar á jepum og ABS bremsukerfi hafi áhrif á slysatíðni.

### Þekking flutningabilstjóra í skyndihjálpar

Verkefnastjóri: Hildigunnur Svavarsdóttir

Upplýsingum verður aflað með spurningalistum. Upplýsingum verður aflað með vitund og vilja þátttakenda. Lagður verður fyrir spurningalisti fyrir um það bil 100 flutningabilstjóra.

### Umferðarslys og vindafar

Verkefnastjóri: Skúli Þórðarson

Safnað verður saman upplýsingum um umferðarslys sem rekja má til vindafars. Áhersla verður lögð á staði þar sem tíðni slíkra slysa er há. Miðað er við að a.m.k. á tveimur slysstöðum verði einstök slys greind með hliðsjón af skráðum veðurupplýsingum frá nálægri veðurstöð, tegund ökutækja og hugsanlegra eftirvagna, staðsetningu slyss, hönnun vegar og öðrum aðstæðum sem við eiga, svo sem samspil hálfu og vinds. Ennfremur verður vindafar á athugunarstöðunum rannsakað sérstaklega. Gerðar verða vindmælingar með færanlegum vindmælitalækjum þegar viðeigandi aðstæður ríkja, svo að kortleggja megi umfang vindhviða og meta hugsanlegar mótvægisáðgerðir. Hluti af verkefninu er samantekt á mótvægisáðgerðum sem notaðar hafa verið erlendis til þess að draga úr áhrifum vinds á vegum og járnbrautum. Farið verður yfir aflfræði ökutækja og samspil vindálags, gerðar ökutækis, veggrips og veghalla. Þá er stefnt að því að flokka algengar gerðir ökutækja í íslenskri umferð eftir stöðugleika þeirra gegn vindhviðum, með það fyrir augum að auka vitund ökumanna, veghaldara og lögreglu á þeim aðstæðum sem varhugaverðar eru fyrir mismunandi ökutækki.

## Niðurstöður útboða

### Hálsasveitarvegur (518),

#### Stóri-Ás - Húsafell 04-002

Tilboð opnuð 4. maí 2004. Endurbygging Hálsasveitarvegur (518) á 8,1 km löngum kafla frá Stóra-Ási að Húsafelli.

Helstu magntölur eru:

Skering	52.100 m <sup>3</sup>
Þar af bergskering	1.100 m <sup>3</sup>
Ræsalögn	539 m
Fylling	112.500 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	20.200 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	12.500 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	50.000 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. september 2005.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
12	Nóntindur ehf., Búðardal	136.327.200	114,7	47.352
---	Áætlaður verktakakostnaður	118.836.406	100,0	29.861
11	Stafnafell ehf., Snæfellsbær	108.928.635	91,7	19.953
10	Berglín ehf., Stykishólmi	107.876.650	90,8	18.901
9	Fjörður ehf., Skagafirði	107.689.800	90,6	18.714
8	Fylling ehf., Hólmavík	101.577.010	85,5	12.602
7	Þróttur ehf., Akranesi	99.766.850	84,0	10.792
6	Kluftir ehf., Kópavogi	99.278.620	83,5	10.303
5	Borgarverk ehf., Borgarnesi	98.866.200	83,2	9.891
4	Sandvirki ehf., Þorlákshöfn	98.734.567	83,1	9.759
3	Vbf. Mjólnir, Selfossi	95.691.840	80,5	6.716
2	K.N.H. ehf., Kubbur, Norðurtak og Höttur, Ísafirði	89.969.240	75,7	994
1	Jörfi ehf., Hvanneyri	88.975.350	74,9	0

### Svalbarðseyrarvegur (830), vegamót við Hringveg 04-042

Tilboð opnuð 4. maí 2004. Endurbygging á vegamótum Hringvegur og Svalbarðseyrarvegur. Verkið felst í endurbyggingu á um 120 metra löngum kafla á Svalbarðseyrarvegi og breikkun Hringvegur.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar og fláafleygar	1.650 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	300 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	255 m <sup>3</sup>
Stungumalbik	1.430 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	4.100 m <sup>2</sup>

Verkinu skal að fullu lokið 1. ágúst 2004.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
3	G.V. Gröfur ehf., Akureyri	8.145.000	158,3	2.776
2	G. Hjálmarsson ehf., Akureyri	6.971.500	135,5	1.602
1	Icefox ehf., Akureyri	5.369.200	104,3	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	5.146.018	100,0	-223



## Efribyggðarvegur (751), Álfgeirsvellir - Skagafjarðarvegur 2004

04-010

Tilboð opnuð 4. maí 2004. Styrking og endurbygging á 7,0 km löngum kafla Efribyggðarvegur í Skagafirði.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar og fláafleygar	3.800 m <sup>3</sup>
Burðarlag	10.800 m <sup>3</sup>
Malarslitlag	3.000 m <sup>3</sup>
Frágangur fláa	26.000 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. september 2004.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
9 Jarðverk ehf., Húsavík	20.065.000	153,3	11.265
8 Fjörður ehf., Skagafirði	16.427.750	125,5	7.628
7 Fylling ehf., Hólmavík	14.720.000	112,5	5.920
6 Guðmundur Hjálmarsson hf., Akureyri	14.635.000	111,8	5.835
5 K.N.H. ehf., Kubbur, Norðurtak og Höttur, Ísafirði	13.322.850	101,8	4.523
--- Áætlaður verktakakostnaður	13.085.688	100,0	4.286
4 Steypustöð Skagafjarðar ehf., Sauðárkróki	12.744.500	97,4	3.945
3 S.E. Verktakar ehf., Sauðárkróki	12.464.850	95,3	3.665
2 Ístrukkur ehf., Núpi, Kópaskeri	11.007.971	84,1	2.208
1 Icefox ehf., Akureyri	8.800.000	67,2	0

## Hegranesvegur (764), Sauðárkrókur - Helluland 2004

04-011

Tilboð opnuð 4. maí 2004. Nýbygging á 2,2 km löngum kafla Hegranesvegur í Skagafirði frá Sauðárkróksbraut að Hellulandi.

Helstu magntölur eru:

Bergskeringar	1.100 m <sup>3</sup>
Fyllingar og fláafleygar	10.600 m <sup>3</sup>
Burðarlag	6.900 m <sup>3</sup>
Malarslitlag	1.100 m <sup>3</sup>
Frágangur fláa	21.900 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. september 2004.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
8 Guðmundur Hjálmarsson hf., Akureyri	14.350.000	134,0	5.550
7 Fylling ehf., Hólmavík	11.798.400	110,2	2.998
6 K.N.H. ehf., Kubbur, Norðurtak og Höttur, Ísafirði	11.352.770	106,0	2.553
5 Steypustöð Skagafjarðar ehf., Sauðárkróki	10.910.000	101,9	2.110
--- Áætlaður verktakakostnaður	10.707.804	100,0	1.908
4 Sandvirki ehf., Þorlákshöfn	10.574.240	98,8	1.774
3 Fjörður ehf., Sauðárkróki	9.875.100	92,2	1.075
2 S.E. Verktakar ehf., Sauðárkróki	9.841.280	91,9	1.041
1 Icefox ehf., Akureyri	8.800.000	82,2	0

## Norðfjarðarvegur (92) Sómastaðir - Hólmar og tenging að álvershöfn

03-017

Tilboð opnuð 4. maí 2004. Gerð Norðfjarðarvegur frá Sómastöðum að Hólum á um 1,9 km löngum kafla, ásamt gerð 0,7 km tengivegar að fyrirhugaðri höfn við álver í Reyðarfirði.

Helstu magntölur eru:

Bergskeringar	2.000 m <sup>3</sup>
Fyllingar og fláafleygar	58.000 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	21.000 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	5.000 m <sup>3</sup>
Klæðing	21.000 m <sup>2</sup>
Malbik	1.000 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 15. nóvember 2004.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
4 S.G. Vélar ehf., Djúpavogi	72.274.000	104,5	15.625
3 K.N.H. Ehf., Kubbur, Norðurtak og Höttur, Ísafirði	69.265.100	100,1	12.616
--- Áætlaður verktakakostnaður	69.181.000	100,0	12.532
2 Héraðsverk ehf., Egilsstöðum	62.119.293	89,8	5.470
1 Arnarfell ehf., Akureyri	56.648.850	81,9	0



## Opið hús í Borgarnesi

Þann 22. apríl sl., sumardaginn fyrsta, var opið hús fyrir gesti hjá Vegagerðinni í Borgarnesi. Þetta mæltist vel fyrir og var þó nokkur aðsókn bæði af ungum og öldnum gestum. Var erfiðleikum bundið að loka sýningunni og stóð hún nokkuð lengur en til var ætlast, en auglýstur tími var frá 10:00 - 14:00.

Á staðnum voru starfsmenn frá flestum deildum og upplýstu þeir gesti um tæki og búnað sem þeir nota við störf sín. Boðið var uppá kaffi og með því. Bökuðu konur vegagerðarmanna nokkur hundruð Kleinur og var þeim gerð góð skil. Í kaffistofunni var auk Kleinanna sjálfvirk sýning með skjávarpa, þar sem sýnt var myndefni um ferð Jóns Víðis og félagar á gamla Fordinum yfir Sprengisand 1933. Þá var gamli/nýi Fordinn sýndur í „Sprengisandisku“ umhverfi eins og meðfylgjandi mynd ber með sér. Þessari ferð var gerð góð skil í 29. tbl. 2003.

Bjarni Johansen


## Yfirlit yfir útboðsverk

Fyrirhuguð útboð		Auglýst: dagur, mánuður, ár
04-043	Hringvegur (1), Víkurvegur - Skarhólabraut, eftirlit	04
04-044	Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað	04
04-046	Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, klæðing	04
04-037	Vetrarþjónusta Sauðárkrókur - Blönduós - Sauðárkrókur og Varmahlíð - Norðurá	04
04-039	Hringvegur (1), Víkurvegur - Skarhólabraut	04
04-004	Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi	04
04-006	Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði 2004-2005	04
04-003	Hringvegur (1), Gljúfurá - Brekka, 1. áfangi	04
04-023	Óshlíð, snjóflóðaskápar	04
04-016	Grenivíkurvegur (83), snjóastaðir	04
04-008	Vatnsnesvegur (711) um Hamarsá 2004	04
04-018	Ólafsfjarðarvegur (82) á Lágheiði, Fjarðará - sýslumörk	04
04-007	Þverárfjallsvegur (744), um Gönguskarðsá 2004-2005	04
03-090	Hringvegur (1), gatnamót við Skeiðaveg (30)	04
02-015	Hringvegur (1) við Hellu	04
03-095	Mjóafjarðarvegur (953) um Klifbrekku	04
00-054	Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	04
03-084	Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	04
03-092	Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirlit	04
03-009	Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	04
03-010	Kjósarskarðsvegur (48), endurbygging, 2. áfangi	04
Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst:	Opnað:
04-041	Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Álftanesvegur - Lækjargata	10.05.04 01.06.04
04-048	Borgarfjarðarbraut (50) um Kleppjárnsreyki, öryggisaðgerðir	10.05.04 25.05.04
04-045	Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, malbik	10.05.04 25.05.04
04-029	Mölbúður með malardreifara á Norðurlandi eystra 2004	10.05.04 25.05.04
04-009	Vatnsdalsvegur (722), Hvammur - Steinkot 2004-2005	10.05.04 25.05.04
04-028	Klæðingar á Norðurlandi eystra 2004	03.05.04 18.05.04
04-047	Vetrarþjónusta, Djúpvegur: Súðavík - Látur 2004-2007	03.05.04 18.05.04
04-017	Hlíðarfjallsvegur (837) um Hlíðarbraut, hringtorg	03.05.04 18.05.04
04-005	Efnisvinnsla á Norðurlandi vestra 2004	03.05.04 18.05.04
04-012	Landgræðsla á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum 2004-2005	03.05.04 18.05.04
04-034	Yfirlagnir og styrkingar á Suðurlandi (Suðursvæði) 2004	03.05.04 18.05.04

Útboð sem hafa verið auglýst, frh.	Auglýst:	Opnað:
03-080	Hjáleið í Reyðarfirði, 2. áfangi	03.05.04 18.05.04
04-014	Klæðingar á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum 2004	26.04.04 11.05.04
04-013	Mölbúður með malardreifara á Norðurlandi vestra 2004-2005	26.04.04 11.05.04
03-033	Ólafsfjarðarvegur (82), um Hörgá	26.04.04 18.05.04

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
04-011	Hegranesvegur (764), Sauðárkrókur - Helluland 2004	19.04.04 04.05.04
04-010	Efribyggðarvegur (751), Álfgersvellir - Skagafjarðarvegur 2004	19.04.04 04.05.04
04-042	Svalbarðseyrarvegur (830), vegamót við Hringveg	19.04.04 04.05.04
04-002	Hálsasveitarvegur (518), Stóri-Ás - Húsafell	19.04.04 04.05.04
03-017	Norðfjarðarvegur (92), Sómasteraðir - Hólmar og tenging að álvershöfn	19.04.04 04.05.04
04-036	Brú á Víðidalsá hjá Kologili, sandblástur og málun	05.04.04 20.04.04
04-038	Sláttur vegsvæða á Suðvestursvæði 2004-2005	05.04.04 20.04.04
04-040	Vetrarþjónusta Brjánslækur - Bíldudalur og bleyting í Barðastrandarsýslu 2004-2007	05.04.04 20.04.04
04-015	Yfirborðsmerkingar, sprautuplast 2004-2005	05.04.04 20.04.04
04-019	Brekkuselsvegur (8009), Böggvisbraut - Brekkusel	05.04.04 20.04.04
04-025	Snjómokstur og hálkuvörn á suðvesturhluta Suðursvæðis 2004-2009	22.03.04 20.04.04
04-026	Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, eftirlit	08.03.04 06.04.04
04-022	Efnisvinnsla á Vestfjörðum 2004	15.03.04 30.03.04

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
04-035	Yfirlagnir á Austurlandi 2004	20.04.04 04.05.04
	<i>Malarvinnslan hf.</i>	
01-017	Nesbraut (49), færsla Hringbrautar	30.03.04 29.04.04
	<i>Háfell og Eykt ehf.</i>	
04-033	Efnisvinnsla á Suðurlandi (Suðursvæði) 2004	20.04.04 03.05.04
	<i>Fossvélar ehf., Selfossi</i>	
04-031	Malbikun á Ísafirði 2004	30.03.04 30.04.04
	<i>Malbikunarstöðin Hlaðbær - Colas hf.</i>	
03-091	Laugarvatnsvegur (37), brú á Brúará	23.03.04 04.05.04
	<i>Mikael ehf., Hornafirði</i>	
04-020	Drangnesvegur (645), Skáruklettanes - Fiskines	09.03.04 28.04.04
	<i>Kubbur ehf., Ísafirði</i>	



Staða framkvæmda við Fáskrúðsfjarðargöng 3. maí 2004. Samtals er búið að sprengja 4.111 m sem gerir 72,2%.